



Garðaskóli

Móttökuferli fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (Nemanda ásamt foreldrum og túlki er boðið í heimsókn áður en skóli hefst)

Fyrsta heimsókn

- Skólastjórnendur og/eða námsráðgjafi sýna foreldrum og nemanda skólann, matsal, íþróttahús og sundlaug og kynna starfsemina sem þar fer fram. Mikilvægt er að nota túlk til að þýða upplýsingarnar yfir á tungumál viðkomandi nemanda og foreldra. Fyrsta skóladag nemandans er þetta ferli endurtekið og nemandanum einnig sýndar sérgreinastofur og aðstaða félagsmiðstöðvar.
- Óskað eftir afhendingu upplýsinga (einkunnum, greiningargögnum o.fl.) um skólagöngu nemandans í ítarlegu viðtali við forráðamenn í upphafi skólagöngu (sjá upplýsinga- og innritunarblað fyrir nemanda). Biðja einnig um námsbækur á móðurmáli nemandans svo hann staðni ekki í námi á meðan hann er að ná tökum á íslenskunni. Gera foreldrum jafnframt grein fyrir því að það geti myndast ákveðið tómarúm í menntun nemandans meðan hann er að ná tökum á nýju tungumáli.
- Kynna fyrir foreldrum þá **reglu** að hafa alltaf túlk í viðtölum ef annað eða báðir foreldrar tala annað tungumál en íslensku.

Fyrsta viðtal – gott að hafa í huga:

- Í fyrsta viðtal mæta foreldrar, nemandi, umsjónarkennari, nýbúakennari, deildarstjóri sérkennslu og námsráðgjafi. Í viðtalinu er nauðsynlegt að hafa túlk.
- Fara yfir innritunarblað / upplýsingablað.
- Foreldrar hvattir til að viðhalda móðurmálinu og áhersla lögð á að þeir haldi því við bæði í daglegu máli og skólamáli.
- Foreldrar hvattir til að leyfa nemandanum að horfa á íslenskt sjónvarp svo hann þjálfist í notkun íslenskunnar.
- Nemendur og foreldrar sem hafa aðgang að tölvu hvattir til að nýta rafrænt íslenskt námsefni.
- Kynna félagsmiðstöð fyrir foreldrum og hvetja þá til að leyfa nemanda að taka virkan þátt í félagslífi. Það flýtir fyrir því að nemandinn nái tökum á almennu talmáli og samskiptum á íslensku.
- Fyrirkomulag í skólanum kynnt: heimanám, tilkynna þarf ef nemandi veikist, sækja þarf um ef nemandi þarf leyfi í einn eða fleiri daga og að gera grein fyrir að sund og leikfimi falla undir skólaskylduna. Nemandi þarf að koma með sundföt og handklæði í sund og íþróttaföt í íþróttir. Afhenda innkaupalista og stundaskrá (gott að hafa þetta myndrænt og á móðurmáli nemandans ef hægt er). Kynna matarmál í skólanum og fyrirkomulag í þeim efnum og ítreka mikilvægi góðrar næringar fyrir nemandanum.
- Ræða um skólareglur og útivistarreglur unglunga.
- Ganga úr skugga um að fjölskyldan viti af helstu þjónustuaðilum í Garðabæ, eins og bókasafni, bæjarskrifstofum, íþróttafélögum ofl.